

HAFNARGERÐ Í SUNDAHÖFN Í REYKJAVÍK SKARFABAKKI 2. ÁFANGI

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að framkvæmd 2. áfanga Skarfabakka í Sundahöfn sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og leyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda vegna meðferðar dýpkunarefnis. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir breyting á deiliskipulagi Klettasvæðis frá 2008. Deiliskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Faxaflóahafnir sf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. júlí 2011.

INNGANGUR

Þann 31. maí 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Faxaflóahöfnum sf. um fyrirhugaða lengingu á Skarfabakka í Reykjavík samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjavíkurborgar, Hafrannsóknastofnunarinnar, Siglingastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Reykjavíkurborg með bréfi dags. 20. júní 2011, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 9. júní 2011, Siglingastofnun Íslands með bréfi dags. 15. júní 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. júní 2011. Frekari upplýsingar bárust frá Faxaflóahöfnum með tölvupósti 23. júní 2011.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd felist í því að lengja Skarfabakka í Sundahöfn til austurs um 200 m. Til að koma megi lengingunni fyrir þurfi að fjarlægja núverandi varnargarð (Ábóta) og grjótvörn. Við framkvæmdina verði rekið niður stálþil, 1,3 ha landfylling gerð fyrir innan þilið og ný grjótvörn gerð við enda bakkans. Einnig verði dýpkað framan við Skarfabakka til að viðlegan nýtist. Sótt verði um leyfi til Umhverfisstofnunar vegna meðferðar efnis úr dýpkun og skurði sem grafa þarf vegna efnisskipta umhverfis stálþil sem síðan verður rekið niður en gert sé ráð fyrir að stór hluti af gröfnu efni verði nýttur í landfyllingu innan við stálþilið.

Fram kemur að um 210.000 m³ af fyllingarefni þurfi til verksins, þar af um 25.000 m³ í efnisskiptaskurð, um 70.000 m³ af grús innan við þil, um 95.000 m³ til landgerðar og um 20.000 m³ í grjótvörn við enda bakkans. Gert sé ráð fyrir að um þriðjungur efnis fáiast þegar Ábóti verði fjarlægður en annað komi úr framkvæmdum á landi og sjávarnámum. Efni úr núverandi grjótvörn Skarfabakka og úr Ábóta verði notað til að loka enda bakkans.

Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé innan Sundahafnarsvæðisins, á Klettasvæði austur af Laugarnesinu og landeigandi sé Faxaflóahafnir.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að hefja verkið árið 2012 og felist fyrsti hluti í því að fjarlægja Ábótann, greftri efnisskiptaskurðar fyrir stálþil bakkans og fyllingu í hann. Vinna við stálþil, landfyllingu og frágang bakkans hefjist vorið 2012 og muni standa í tvö ár.

Áhrif á umhverfið. Fram kemur að áhrif á strauma og ölduhæð á Viðeyjarsundi séu talin verða óveruleg.

Fram kemur að búið sé að dýpka mestan hluta hafnarsvæðisins í Sundahöfn á undanförunum árum og framkvæmdasvæðið sé þegar raskað og núverandi botn innihaldi því lítið magn af mengunarefnum. Á framkvæmdatíma myndist óhjákvæmilega nokkurt grugg á framkvæmdasvæðinu en reynt verði að haga verklagi þannig að gruggmyndun verði í lágmarki.

Fram kemur að talið sé að framkvæmdin muni ekki hafa teljandi áhrif á vistkerfi. Einhver skerðing búsvæða verði sem samsvari flatarmáli mannvirkja og fyllingar, eða 1,3 ha. Þó sé talið ólíklegt að skerðingin hafi áhrif á sjávarfiska. Botndýralíf sé að mestu einsleitt og hafi tekið umtalsverðum breytingum m.a. vegna fyrri framkvæmda innan svæðisins.

Fram kemur að mögulega geti fuglar orðið fyrir tímabundinni truflun á meðan á framkvæmdum stendur en langtíma áhrif séu talin óveruleg.

Fram kemur að hvorki náttúru- eða menningarminjar sé að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði eða áhrifasvæði framkvæmdarinnar svo vitað sé. Áhrif á landslag séu talin óveruleg.

Áhrif á samfélag. Fram kemur að áhrif á heilsu og öryggi séu metin óveruleg hvað varðar hávaða, loftmengun og öryggi umferðar. Tímabundin truflun vegna niðurreksturs stálþils verði mögulega við næsta íbúðarsvæði en innan marka reglugerðar.

Ekki verði aukning í umferð þungra ökutækja að og frá hafnasvæðinu vegna framkvæmdanna. Hafnarmannvirkin sem slík muni lítið auka umferð á svæðinu og núverandi tengibrautir innan svæðisins muni afkasta umferð til nokkurrar framtíðar.

Ekki sé gert ráð fyrir beinni aukningu skipaumferðar um Sundahöfn vegna breytingarinnar, heldur sé verið að skapa aðstöðu til að taka á móti lengri skipum. Framkvæmdin muni hafa jákvæð áhrif á samgöngur á sjó og bæta nýtingu og hagkvæmni í slíkum samgöngum.

Á meðan á framkvæmdum standi muni mögulega verða einhver lítilsháttar tímabundin röskun á starfsemi annarra fyrirtækja sem standa næst framkvæmdasvæðinu en að framkvæmdinni lokinni muni þau njóta betri aðstöðu.

Lenging Skarfabakka muni styrkja ferðamannaiðnaðinn í Reykjavík, skapa bæði störf og tekjur, þar sem bætt aðstaða geri að fleiri stærri skemmtiferðaskip geti lagst að bryggju í einu og jafnframt legið þar í lengri tíma en áður.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 og breytingu á því árið 2009. Breyta þarf deiliskipulagi Klettasvæðis frá 2008.

Tilgangur. Að auka rými fyrir stór og djúprist skip svo sem skemmtiferðaskip, þannig að tvö skip geti lagst að Skarfabakka í einu. Mikil fjölgun hafi orðið síðustu ár í komum stórra skemmtiferðaskipa og sé fyrirséð að þau muni hafa hér heldur lengri viðlegu en verið hafi.

Fram kemur að í heild sé talið að áhrif framkvæmda við lengingu Skarfabakka verði óveruleg.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Reykjavíkurborg, Hafrannsóknastofnunin, Siglingastofnun Íslands og Umhverfisstofnun telja framkvæmdina ekki líklega til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fékk erindið til afgreiðslu f.h. Reykjavíkurborgar. Í umsögninni er undirstrikað mikilvægi þess að fylgst verði með áhrifum hávaða við niðurrekstur stálþilsins í nærliggjandi íbúðarbyggð. Heilbrigðiseftirlitið áskilur sér rétt til að gera kröfur um takmarkanir á vinnutíma ef staðfest verða neikvæð áhrif af hávaða í nærliggjandi íbúðarbyggð. Einnig er fagnað því að leitast verði við að takmarka gruggmyndun sem sé mikilvægt vegna hugsanlegra neikvæðra áhrifa á göngur lax og urriða í Elliðaár. Farið er fram á að tekið verði tillit til göngutíma fiska í árnar, eins og kostur er, við þá hluta framkvæmdarinnar sem valda gruggmyndun.

Hafrannsóknastofnunin bendir á að búið sé að raska lífríki svæðisins margsinnis við fyrri framkvæmdir og þar sé ekki að finna sjaldgæfar eða einstakar tegundir heldur aðeins algengar er finnast víða annarsstaðar.

Siglingastofnun telur framkvæmdina bæta aðstöðu til móttöku skemmtiferðaskipa, bæði hvað snertir lengd viðlegu og snúningssvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugað sé að nýta dýpkunarefni í landfyllingu framkvæmdarinnar en það sem ekki nýtist þar verði losað á samþykkt losunarsvæði, að fengnu leyfi stofnunarinnar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lengingu Skarfabakka í Sundahöfn til austurs um 200 m. Núverandi varnargarður og grjótvörn verða fjarlægð, rekið niður stálþil, landfylling gerð fyrir innan þilið og ný grjótvörn gerð við enda bakkans. Einnig verður dýpkað framan við Skarfabakka. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á vistkerfi sjávar verði óveruleg. Tekið er undir mikilvægi þess að takmarka gruggmyndun vegna hugsanlegra neikvæðra áhrifa á göngur lax og urriða í Elliðaár og tekið tillit til göngutíma fiska í árnar, eins og kostur er, við þá hluta framkvæmdarinnar sem valda gruggmyndun. Tekið er undir að fylgst verði með áhrifum hávaða við niðurrekstur stálþilsins í nærliggjandi íbúðarbyggð og gripið til viðeigandi ráðstafana ef þörf verður á.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Faxaflóahafna sf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Faxaflóahafna sf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að framkvæmd 2. áfanga Skarfabakka í Sundahöfn sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og leyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda vegna meðferðar dýpkunarefnis. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir breyting á deiliskipulagi Klettasvæðis frá 2008. Deiliskipulagsbreytingin er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Faxaflóahafnir sf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 29. júlí 2011.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigmar A. Steingrímsson